

Fundargerð aðalfundar:

Samþykki fundarins fari rafrænt á Teams – samþykkt án athugasemda.

Fundarritari samþykktur: María Dís Gunnarsdóttir

Dagskrá:

Lagt fyrir fundinn að allar kosningar fari fram á rafrænan hátt í gegnum Teams á þessum rafræna aðalfundi. Engin mótmæli og telst því samþykkt af öllum fundarmönnum.

1. Skýrsla stjórnar:

- a. Farið yfir þetta ár sem hefur verið frábrugðið fyrri árum. Fækkun félagsmanna sem skýrist líklega af ástandi þjóðfélagsins, en ekki talið áhyggjuefni.
- b. Kynjahlutfallið um 66% menn og 33% konur, sem er í samræmi við kynjahlutfall í geiranum.
- c. Breytingar í faghópum hafa verið einhverjar á árinu og hóparnir hafa verið misvirkir á starfsárinu.
- d. Um 16 viðburðir voru haldnir á starfsárinu. Fjarviðburðir hófust í maí og hafa skilað góðum árangri. Mjög góð þátttaka, viðburðirnir skemmtilegir og öðruvísi.
- e. Starfsmenn Ský fá hrós fyrir flott starf í kring um að halda þessum viðburðum lifandi þrátt fyrir ástandið.
- f. Fjölgun kvenna sem fyrirlesara á viðburðum Ský hefur verið góð á árunum 2019 og 2020.
- g. UT messan: Flott hlaðvarp sett í loftið og fróðlegt spjall í kring um geirann. Möguleiki á að þessu hlaðvarpi verði haldið áfram í tengslum við viðburði eða annað sem er að gerast.
Samstarfsaðilar fengu að taka yfir UTmessu instagram reikninginn, þar sem þeir sýndu inn í sína starfsmenn.
Tæknikrossgátan fékk góðar undirtektir.
Fyrirlestrar ráðstefnunnar aðgengilegir í gegn um ráðstefnukerfið til 1. mars.
Í staðinn fyrir laugardaginn í Hörpu sáu skólarnir aðallega um viðburði þá daga á sínum snærum.
Fjöldi ráðstefnugesta 456 sem er um helmingur frá árinu áður, en skýrist hugsanlega að fyrirkomulaginu.
Kynjahlutfall fyrirlesara var því sem næst jafnt.
- h. Tölvumál: gefið út síðasta haust og fjallaði um Heilsu og tækni
- i. Bebras áskorunin: 35 skólar á Íslandi tóku þátt í ár í þessu alþjóðlega verkefni. Hvatning til krakka til að fara inn í raungreinar og velja sér tölvufög sem framhaldsfög.
- j. UT-verðlaunin 2021: aðalverðlaunin í ár fóru til Íslenskrar erfðagreiningar.
Embætti landlæknis fékk UT starfræn þjónusta ársins 2020
Controlant var UT Fyrirtæki ársins 2020
Sidekick Health var UT sproti ársins 2020

2. Skýrslur faghópa og nefnda:

- a. Orðanefnd: síðasta útgáfa af tölvuorðasafninu kom út 2013 og eftir það hefur ekki verið bætt við orðum í tölvuorðasafnið. Nú er kominn aðgangur inn í Íðorðasafnið og hægt að bæta við orðum inn. Virkni hópsins góð og ný orð á leiðinni á næstu vikum. Facebook umræðuhópur virkur og góð og fjölbreytt umræða um ný hugtök.

- b. Ritnefnd: vikuleg útgáfa á netinu frá 2011, en í dag er erfiðara að fá greinar til að birta á netinu. Aftur á móti hefur gengið vel að fá efni í blaðið Tölvumál og aukning vinsælda blaðsins. Fólk hvatt til að skrifa stutta pistla.
Þema blaðsins Tölvumál í ár var Heilsa og tækni. Gaman væri að fá fleiri tæknilegar greinar frá meðlimum Ský og jafnvel faghópum.
Þemað 2021 verður samskipti og afþreying. Greinar fyrir blaðið eru um 800-1200 orð en greinar fyrir vefinn eru styttri, eða um 500.
Ásta, Júlía og Víðir yfirgefa nefndina og er þakkað fyrir þeirra störf.
- c. Siðanefnd: hefur ekkert starfað síðustu ár, Arnheiður og Linda hafa verið að vinna áfram með samtökunum CEPIS í Evrópu um samræmdar siðareglur.
- d. Fókus: Tveir viðburðir haldnir sem heppnuðust mjög vel. Skemmtilegar umræður í gangi um lausnir í heilbrigðisgeiranum. Mikil og góð starfsemi í gangi í þessum faghóp.
- e. Öryggishópur: Ráðstefna sem átti að vera í apríl 2020 frestaðist fram á haust og var haldin á netinu. Ráðstefnan heppnaðist vel og þáttaka var mjög góð.
Gleðilegt að náðist að halda félagatali hópsins þrátt fyrir aðstæður og horfur fyrir næsta ár góðar.
- f. Fjarskiptahópur: fyrsti viðburður féll niður vegna aðstæðna en var haldinn um haustið. Góður strúktúr á starfseminni og stjórn helst óbreytt á næsta starfsári.
Félögum fækkaði lítið á milli starfsára.
- g. Faghópur um hugbúnaðargerð: venjan hefur verið að vera með tvær hádegisráðstefnur, önnur féll niður vegna aðstæðna en síðar var haldin með fjarrænum hætti um haustið. Fjórir aðilar að yfirgefa stjórn faghópsins og óskað eftir nýjum einstaklingum í stjórn.
- h. Faghópur um vefstjórnun: Haldnir hafa verið þrjár fundir á árinu en starfið litaðist af aðstæðum samfélagsins. Smá fækkun í faghópnum á árinu en fundirnir hafa verið vel sóttir.
- i. Faghópur um rekstur tölvukerfa: Lítil breyting á félagafjölda hópsins. Tveir viðburðir á starfsárinu, báðir að hausti 2020.
- j. Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT: engin starfsemi á árinu. Nýjir einstaklingar boðnir inn í stjórn þessa hóps.
- k. Faghópur um hagnýtingu gagna: Starf hópsins hefur litast af aðstæðum eins og hjá fleirum. Hópurinn hefur eingöngu haldið einn viðburð í samstarfi við faghóp um vefstjórnun. Bjartsýnir á komandi tíma. Tveir meðlimir stjórnar faghópsins að víkja og áhugasamir hvattir til að gefa sig fram.
- l. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu: Farið yfir stjórnarmeðlimi liðins starfsárs. Tveir viðburðir haldnir, í maí 2020 og janúar 2021. Fyrri fundur vel sóttur og vel heppnaður. Margt í þessum málaflokki undirbúningi en ennþá ekki frá miklu að segja, raunveruleg verkefni orðin að veruleika, en von um að næsta starfsár geti komið betur inn á slík mál.
- m. Öldungadeild: haldinn aðalfundur í dag, framhalds aðalfundur verður eftir 3 vikur. Blása þarf nýju lífi í deildina eða leggja hana niður. Áætlun næsta aðalfundar er að hafa hugarflug og velta upp hvaða verkefni hópurinn getur tekið að sér.
Hópurinn hefur verið í tiltekt og grisjun á gömlum búnaði og er að missa geymsluhúsnæði á næstunni. Framhaldið þarf að koma í ljós þar sem kostnaður við geymslu og safnaðstöðu er talsverður og fjármagn ekki tiltækt eins og er. Hugmyndir að fjármögnunaraðilum fyrir safn eða húsnæði fyrir geymslu óskast.

3. Tilnefning heiðursfélaga:

- a. Engir nýir heiðursfélagar verða tilnefndir í ár.
4. Reikningar félagsins:
 - a. Tekjur féllu niður um 10 milljónir á árinu og gjöld um mjög svipað á árinu. Þetta leiðir af sér tap annað árið í röð, nú upp á rúmar 2 milljónir. Helsta ástæða er fækkun viðburða vegna aðstæðna.
 - b. Handbært fé í árslok lækkar um tæplega 2 milljónir.
 - c. Áætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir svipaðri starfsemi og áður. Ljóst að tap gæti orðið á árinu þar sem UTmessan skilai ekki sama hagnaði og áður vegna breytts fyrirkomulags vegna aðstæðna.
 - d. Reikningar lagðir fram til samþykktar – samþykktir án athugasemda.
5. Lagabreytingar:
 - a. Tillaga að lagabreytingu: Stjórn Ský leggur til að skipta út orðinu „menn“ fyrir orðið „einstaklinga“ í lögum félagsins, á tveim stöðum í lögnum. Tillaga samþykkt án athugasemda.
6. Ákvörðun félagsgjalda:
 - a. Tillaga um óbreytt félagsgjöld í ljósi aðstæðna. Tillaga samþykkt án athugasemda.
7. Stjórnarkjör
 - a. Þrír aðilar eiga eftir ár af setu í stjórn, Dagbjartur, Jón Ingi og Kristjana. Halda þau áfram ár í viðbót. Þrír núverandi stjórnarmeðlimir gefa kost á sér áfram til næstu tveggja ára, Snæbjörn, Kristján og María Dís. Sólveig yfirgefur stjórnina eftir tveggja ára starf og er þakkað fyrir starfið. Aðalheiður Guðjónsdóttir hjá RB gefur kost á sér til stjórnar næstu tvö árin. Snæbjörn gefur áfram kost á sér sem formann stjórnar.
 - b. Ofantalin samsetning stjórnar samþykkt án athugasemda með Snæbjörn sem formann.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:
 - a. Sigurjón og Hjörtur gefa kost á sér áfram og eru kosnir áfram.
9. Nefndarkjör:
 - a. Ritnefnd: Ásrún Matthíasdóttir samþykkt áfram sem ritstjóri. Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - b. Orðanefnd: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - c. Faghópur um hugbúnaðargerð: Þrír aðilar gefa kost á sér áfram og er sú nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi. Óskað er eftir fleirum í stjórn þessa hóps.
 - d. Faghópur um rekstur tölvukerfa: Þrír aðilar gefa kost á sér áfram og er sú nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi. Óskað er eftir fleirum í stjórn þessa hóps.
 - e. Faghópur um vefstjórnun: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - f. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu. Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - g. Faghópur um menntun, fræðslu- og fræðistörf í UT: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi. Óskað er eftir fleirum í stjórn þessa hóps.
 - h. Faghópur um fjarskiptamál: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - i. Faghópur um öryggismál: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - j. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisgeiranum: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
 - k. Faghópur um hagnýtingu gagna: Nefnd samþykkt eins og birt á aðalfundi.
10. Önnur mál:
 - a. ekkert mál tekið fyrir
11. Fundi slitið kl. 16:03.